

ÁFALLAÁÆTLUN

Hvaleyrarskóli

2019-2020



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 4 |
| Áfallaráð í Hvaleyrarskóla..... | 4 |
| Hlutverk áfallaráðs | 4 |
| Áföll | 5 |
| Helstu einkenni áfalla..... | 5 |
| Eftirfylgni | 5 |
| Það sem þarf að gera þegar áfall verður:..... | 6 |
| Nemendur | 7 |
| Andlát nemenda | 7 |
| Sjálfsvíg, andlát nemenda | 8 |
| Langvarandi/alvarleg veikindi nemenda | 9 |
| Alvarlegt slys á nemenda..... | 10 |
| Skilnaður foreldra nemanda..... | 11 |
| Kynferðislegt ofbeldi tengt nemanda..... | 11 |
| Aðstandendur nemenda..... | 12 |
| Andlát foreldra/systkina nemenda..... | 12 |
| Langvarandi/alvarleg veikindi aðstandenda nemenda | 12 |
| Alvarlegt slys aðstandenda nemenda | 13 |
| Starfsfólk..... | 13 |
| Alvarleg veikindi starfsmanns skólans..... | 13 |
| Alvarlegt slys starfsmanns skólans | 13 |
| Andlát starfsmanns | 13 |
| Útför | 14 |
| Andlát maka starfsmanns..... | 14 |
| Ýmsar hagnýtar upplýsingar | 15 |

Símanúmer áfallaráðs:

| | Innanhús | H-sími/GSM |
|---|----------|-------------------|
| Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri | 4905 | 555 4605/664 5833 |
| Sigrún Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri | 4906 | 565 4656/664 5838 |
| Hrönn Gísladóttir, símaritari | 4900 | 860 4991 |
| Steinar Ó. Stephensen, deildarstj. yngsta-og miðstigs | 4903 | 895 7077 |
| Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir | 4904 | 866 6967 |
| Anna Rós Bergsdóttir, deildarstj. - | 4915 | 898 4284 |
| Emilía Björg Kofoed-Hansen, námsráðgjafi | 4806 | 698 4865 |
| Íris Ómarsdóttir Hjaltalín, hjúkrunarfræðingur | 4914 | 565 1151/824 7470 |

Símanúmer utanaðkomandi fagaðila sem veita hjálp þegar áfall dynur yfir:

| | |
|---|-------------------|
| Jón Helgi Þórarinsdóttir, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju | 520 5700/898 5531 |
| Þórhildur Ólafs, prestur í Hafnarfjarðarkirkju | 520 5700/694 8655 |
| Einar Eyjólfsson, fríkirkjuprestur | 565 1478 |
| Sigríður Kristín Helgadóttir prestur í Fríkirkjunni | 897 0211 |
| Kjartan Jónsson, sóknarprestur í Ástjarnarkirkju | 565 0022/863 2220 |
| Lúció Ballester, prestur í Kapólsku kirkjunni | 554 7010 |
| Einar Ingi Magnússon, skólasálfræðingur | 896 0820 |
| Félagsþjónusta Hafnarfjarðar | 585 5500 |
| Neyðarþjónusta presta | 659 7133 |
| Áfallahjálp Landspítalans | 543 1000 |
| Slysadeild | 543 2000 |
| Heilsugæslan Sólvangi | 550 2600 |
| Lögreglan í Hafnarfirði | 112 |
| Barnahús | 530 2500 |

Muna að hafa samband við:

- Tónlistarskólann
- Félagsmiðstöðina Verið
- Íþróttahúsið að Ásvöllum
- Holtasel
- Leikskóla skólahverfisins.

Inngangur

Mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undir það búið að takast á við þá erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum. Einnig er mikilvægt að starfsfólk skólans geti í viðbrögðum sínum tekið tillit til hefðar og reynslu varðandi viðbrögð við áföllum. Nauðsynlegt er að samkomulag og skýr vitneskja sé um hvernig bregðast skuli við áföllum.

Áfallaráð ákveður viðbrögð hverju sinni.

Áfallaráð í Hvaleyrarskóla

Í Hvaleyrarskóla starfar áfallaráð sem er skipað að vori hvert ár. Í áfallaráðinu er sérvalinn hópur af starfsfólki skólans sem ávallt er í viðbragðsstöðu ef upp kemur áfall í skólanum. **Mikilvægt er að allar upplýsingar um áföll er tengjast skólanum berist strax til áfallaráðs.**

Hlutverk áfallaráðs

Hlutverk áfallaráðs er að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll hafa orðið, svo sem bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Lykilatriði er að mótuð verði skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun, til dæmis um það hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig bregðast eigi við einstökum tilvikum. Mikilvægt er að huga vel og vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem eiga í hlut hverju sinn, nemenda sem starfsmanna.

Hlutverk áfallaráðs er einnig að:

- ✓ sjá til þess að nemendur skólans fái faglega þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.
- ✓ sjá til þess að starfsfólk skólans fái fræðslu í áfallahjálpi.
- ✓ halda utan um og safna gögnum og lesefni sem að gagni gæti komið vegna áfalla er tengjast skólanum. Þessi gögn skulu vera á einum stað, öllum kunnug og aðgengileg.

Skólastjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi.

Áfallaráð skal funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma.

Áföll

Áfall og sorg geta verið af ýmsum toga. Sorg er ekki ein tilfinning heldur tilfinningaferli sem tekur tíma að vinna sig frá og ekki er hægt að hraða því ferli. Hvort sem okkur finnst áfall stórt eða smátt er nauðsynlegt að veita stuðning.

Dæmi um áfall:

- Andlát
- Slys
- Alvarleg veikindi
- Alvarlegt ofbeldi nemanda eða starfsmanna (gerandi eða þolandi)
- Fangelsisvist skyldmanns
- Handtaka
- Sjálfsvíg
- Skilnaður
- Kynferðislegt ofbeldi
- Náttúruhamfarir.

Fólk sem hefur orðið fyrir áfalli sýnir mismunandi einkenni streitu og í mismiklu mæli. Oft er annars vegar talað um bráðaeinkenni og hins vegar langvarandi álag. Hvort sem um er að ræða áfall af völdum slyss, náttúruhamfara, sjúkdóms eða andláts, er mikilvægt að allir starfsmenn skólans sýni barninu og starfsmanninum nærgætni og tillitsemi og beri virðingu fyrir tilfinningum þeirra, hvernig sem þær brjótast út.

Helstu einkenni áfalla

Varðandi helstu einkenni áfalla er starfsfólki skólans bent á að kynna sér bæklinginn: „Sálrænn stuðningur í skólastofunni“ sem Rauði krossi Íslands gaf út árið 2002. Þessum bæklingi er ætlað að kynna ýmis almenn hugtök og aðferðir auk þess að veita kennurum og öðru starfsfólki skólans gagnlegar leiðbeiningar um erfiðleika nemanda í kjölfar alvarlegra atvika. Áfallaráð safnar auk þess greinum um sorg og sorgarviðbrögð barna og fleira sem viðkemur áföllum. Mappa með þessum greinum er geymd á bókasafni skólans.

Eftirfylgni

Mikilvægt er að umsjónarkennari sé vel vakandi yfir líðan barnsins, en einkenni geta komið fram eftir áfallið. Hafa ber í huga að ákveðnir tímar eru oft viðkvæmir s.s. jól, páskar og afmæli. Umsjónarkennari getur alltaf leitað til áfallaráðs, ef á þarf að halda.

Áfallahjálpar er ekki sorgarúrvinnsla, handleiðsla, sálgæsla eða meðferð, heldur stuðningur við nemendur og starfsfólk.

Mikilvægt er að átta sig vel á því sem komið hefur fyrir, áður en aðgerðir eru hafnar.

Óvissa um það sem gerst hefur, getur komið af stað „Gróusögum“ sem geta valdið enn meiri streitu. Það er því áriðandi að réttar upplýsingaer liggja fyrir.

Það sem þarf að gera þegar áfall verður:

- Fundur fyrir byrjun nýs skóladags, ef unnt er, annars eins fljótt og mögulegt er.
- Hafa þarf samband við prest, nemendur, aðstandendur og Skólaskrifstofu Hf.
- Útbúa þarf staðlaðar upplýsingar fyrir þá sem svara í síma.
- Skoða þarf skólaskipulagið með tilliti til breytinga.
- Einnig þarf að skoða skólahúsnæðið með tilliti til þess hvar hægt er að vera.
- Starfsmannafund þarf að halda helst áður en kennsla hefst. Þar séu kennarar/starfsfólk sett inn í stöðuna og skóladagurinn kynntur.
- Kennarar bendi á viðkvæma nemendur í sínum hópi.
- Forfallakennarar sem búið er að kalla út eru settir í verkefni.
- Ákveða þarf hvað ætlar skólinn að gera? Vera með athöfn? Eitthvað annað? Hver eru viðbrögð skólans?
- Starfsfólki er bent á að svara ekki fréttamönnum. Fyrirfram er ákveðið hver verður í forsvari fyrir skólann og veitir upplýsingar.
- Þegar skóladagur hefst, þá er búið að ákveða hvort nemendum verður tilkynnt þetta á sal eða í stofunum sínum.

Ávallt skal bera allar aðgerðir skólans undir foreldra/ forráðamenn nemandans til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

Áfallaráð skal funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma.

Nemendur

Andlát nemenda

- Upplýsingar berast til áfallaráðs.
- Áfallaráð fundar saman og skiptir niður verkefnum.
- Starfsfólk er upplýst um áfallið.
- Hafa skal samband við prest sem fenginn er í skólann.
- Gæta skal þess að náin skyldmenni þess látna, sem eru við nám eða störf fái fregnina sérstaklega, en ekki yfir hópinn.
- Ef foreldrar tilkynna andlát nemenda er gott að hafa samráð við þau um tilkynningu.
- Andlát er tilkynnt bekkjarfélögum. Nauðsynlegt er fyrir kennara að hafa prest eða annan aðila með sér inn í bekkinn, þegar það er gert.
- Umsjónarkennari og áfallaráð koma upplýsingum um andlátið til foreldra/forráðmanna annarra nemenda í bekknum.
- Aðrir nemendur skólans eru upplýstir um áfallið.
- Skólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátið.
- Skólaskrifstofa er upplýst um andlátið.

Vinna í viðkomandi bekk sama dag

- Æskilegt er að bekkjarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er af skóladeginum.
- Haft er logandi kerti og mynd af viðkomandi ef hægt er í skólastofunni.
- Nemendum er gefið tækifæri til að ræða atburðinn, lífið og dauðann.
- Prestur og áfallaráð er til aðstoðar ef þörf krefur.
- Foreldrum/forráðamönnum er tilkynnt um atburðinn og hringt er í þá bekkjarfélaga sem eru fjarverandi.
- Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að sækja nemendur, ef talin er þörf á því.

Bréf er sent heim með öllum nemendum þar sem greint er frá því sem gerðist og gerð er grein fyrir því hvernig skólastarfið verði næstu daga. Mikilvægt er að ritari athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag svo hægt sé að senda skilaboð til þeirra.

Í lok dagsins skal fundað í áfallaráði ásamt umsjónarkennara, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi og með samúðarkveðju næstu daga á eftir.

Vinna í viðkomandi bekk næstu daga

- Umsjónarkennari tekur á móti bekknum sínum í fyrsta tíma næstu daga á eftir.
- Kveikt er á kerti og skal það látið loga fram yfir útför.
- Bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta börnin skrifað bréf, sögur eða teiknað myndir.
- Eigur nemandans eru fjarlægðar smám saman úr skólastofunni (það á alls ekki að fjarlægja allt samtímis). Jafnvel á að leyfa sæti viðkomandi að vera autt í einhvern tíma.
- Börnunum er greint frá því hvað gerist næstu daga, þ.e. kistulagning og útför (gott er að fá aðstoð prests).
- Það þarf að undirbúa það vandlega í samráði við forráðamenn barnsins, ef barnið þeirra ætlar að vera við útförina. Nauðsynlegt er að forráðamenn fari með börnum sínum í jarðarförina/minningarathöfnina. Sóknarprestur getur hugsanlega komið inn í bekkinn og sagt frá því hvernig útför fer fram.
- Daginn fyrir útför ræðir kennari við nemendur um atburði næsta dags, hverju þau eigi von á og hvernig líðan þeirra hefur verið undanfarna daga. Umsjónarkennari getur fengið aðila úr áfallaráði með sér í þessa umræðu.
- Foreldrafulltrúar eru beðnir um að ræða við foreldra þeirra barna sem munu vera viðstödd útförina um mikilvægi þess að fylgja barni sínu.
- Meta skal hvort aflýsa skal skóla á meðan á útför stendur.
- Flagga skal í hálfra stöng við skólann á útfarardeginum.

Sjálfsvíg, andlát nemenda

Vinnuferli áfallateymis er það sama og þegar um annars konar andlát er að ræða, en vert að hafa eftirfarandi í huga.

- Mikilvægt er að láta allt starfsfólk vita sem fyrst.
- Undirbúa þarf skriflega yfirlýsingu fyrir kennara eða þann sem segir frá sjálfsvíginu til að styðjast við. Hafa skal staðreyndir án smáatriða. Það þarf að lýsa yfir missinum og benda einnig á aðstoð.
- Upplýsingar fyrir foreldra bekkjarfélaga þurfa að liggja fyrir.
- Gera þarf áætlun um að finna þá sem eru í áhættuhópi
- Minningarathafnir eiga ekki að vera umfangsmeiri en venja er við önnur dauðsföll.
- Það á ekki að tileinka hinum látna neinn sérstakan atburð í skólastarfinu.

- Hvetja skal nemendur til að fara í útförina óski þeir þess, og þá í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.
- Vera þarf á varðbergi og koma aftur að þessum málum ef ástæða þykir til þess.

Áfallaástoð í bekk/hóp á að beinast að því að:

- Gera þau meðvituð um það að enginn annar getur borið ábyrgð á sjálfsvígínu, en sá sem dó.
- Láta þau skilja að tilfinningar þeirra séu eðlilegar.
- Gefa þeim tækifæri til að upplifa sársaukann og sorgina.
- Draga úr töfraljómanum og benda á aðrar leiðir til að fá athygli og til að leysa úr vanda.
- Gefa á tækifæri til að skrifa samúðarkveðju til fjölskyldu og vina hins látna.
- Hvetja skal til þess að rætt sé um sjálfsvigið og hvað hægt sé að læra af því.
- Benda skal á hvar hægt sé að leita sér aðstoðar t.d. hjá vinalínu Rauða krossins.

Langvarandi / alvarleg veikindi nemenda

Hvernig skal bregðast við:

- Viðkomandi starfsfólki og bekkjarfélögum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum burt frá skóla vegna alvarlegra veikinda.
- Áfallaráð ákveður hvernig skuli á málinu haldið og metur hve mikið skal vinna með viðkomandi bekk.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum, sem tengjast málinu eftir aðstæðum.
- Athuga þarf hvort heimsóknir séu heppilegar eða æskilegar.
- Sýna þarf atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum og m.a. getur bekkurinn sent kveðju.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- Undirbúa þarf bekkjafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað nemandanum endurkomuna.
- Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir.
- Umsjónarkennari og hjúkrunarfræðingur veita viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

Alvarlegt slys á nemenda

Slys sem verða í skólanum:

- Verði alvarlegt slys á nemenda á skólatíma skal hafa samband við foreldra/forráðamenn og lögreglu sem allra fyrst.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig eigi að bregðast við.
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við nemendur í einstaka bekkjum, sem tengjast málinu.
- Starfsfólki skólans og nemendum er greint frá slysinu.
- Skjólustjórnendur gæta þess einnig að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum með nemendum heim eða að hringja heim til þeirra.
- Ef um alvarlegt slys er að ræða er haldinn fundur með kennurum og starfsfólki.
- Sýni fjölmiðlar áhuga er skólustjórnandi eða staðgengili hans eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar sem gefa á upp.

Næstu daga

- Ört upplýsingastreymi til skólans er mikilvægt.
- Bekkjarkennari komi upplýsingum til nemenda.
- Athugið hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- Sýnið atburðinum virðingu án þess að velta ykkur allt of mikið upp úr honum og m.a. getur bekkurinn sent kveðju.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- Undirbúa þarf bekkjafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum, þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað nemandanum endurkomuna.
- Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir.
- Umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

Slys sem verða utan skólatíma

- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við .
- Viðkomandi starfsfólk skólans og bekkjarfélögum er tilkynnt um slysið.

Næstu daga

- Ört upplýsingastreymi til skólans er mikilvægt.
- Bekkjarkennari komi upplýsingum til nemenda.
- Athugið hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- Sýnið atburðinum virðingu án þess að velta ykkur allt of mikið upp úr honum, m.a. getur bekkurinn sent kveðju.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- Undirbúa þarf bekkjarfélagi undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað nemandanum endurkomuna.
- Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir.
- Umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

***Mikilvægt er að umsjónarkennarinn
fái sjálfur stuðning og hjálp.***

Skilnaður foreldra nemanda

- Rétt er að hafa í huga að skilnaður foreldra getur haft í för með sér svipuð sorgareinkenni og ef um dauðsfall væri að ræða. Því er mikilvægt að foreldrar geri skólanum viðvart ef um skilnað er að ræða.
- Umsjónarkennari ber að láta aðra kennara nemandans vita um skilnað til dæmis með tölvupósti. Aðeins það starfsfólk sem kemur að nemandanum þarf að vita um skilnaðinn.
- Umsjónarkennari getur leitað til áfallaráðs eða skólastjórnenda eftir ráðgjöf og aðstoð fyrir nemandann.

Kynferðislegt ofbeldi tengt nemanda

- Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun skal tilkynna það strax til barnaverndaryfirvalda (félagsþj.). Það er þeirra að skera úr um hvort grunur sé á rökum reistur.
- Skólastjórnendur tilkynna til barnaverndaryfirvalda fyrir hönd kennara.
- Í kjölfarið er æskilegt að vera í sambandi við barnaverndaryfirvöld til þess að fá upplýsingar og ráð varðandi framvinnslu málsins.

- Passa þarf vel trúnað í slíkum málum.
- Skólinn þarf að gera sitt besta til að styðja og styrkja nemandann og fjölskyldu hans.

Aðstandendur nemenda

Ávallt skal bera allar aðgerðir skólans undir foreldra/forráðamenn nemandans til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

Andlát foreldra/systkina nemenda

- Upplýsingar berast til áfallaráðs.
- Áfallaráð fundar og skiptir með sér verkum.
- Starfsfólk er upplýst um áfallið.
- Andlátið er tilkynnt bekkjarfélögum. Æskilegt er fyrir kennara að hafa prest eða annan aðila úr áfallaráði með sér inn í bekkinn. Bakki með kerti og bænum er staðsettur hjá ritara.
- Mikilvægt er að athuga hvaða nemendur eru fjarverandi í bekknum og þeir látnir vita með því að hringja heim.
- Umsjónarkennari og áfallaráð koma upplýsingum um andlátið símleiðis til foreldra/forráðamanna og annarra nemenda í bekknum.
- Umsjónarkennari stjórnar áframhaldandi vinnu í bekknum en hann getur þó hvenær sem er leitað aðstoðar til aðila í áfallaráði.
- Bekkurinn útbýr samúðarkveðju (þau færa nemenda eitthvað frá bekknum).
- Skólinn sendir samúðarkveðju til nemandans og fjölskyldunnar.
- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennarann að undirbúa bekkinn við að taka á móti nemandanum, þegar hann kemur aftur í skólann. Það auðveldar nemandanum komuna.

Langvarandi/alvarleg veikindi aðstandenda nemenda

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á veikindum hjá foreldri/forráðamanni nemandans.
- Upplýsingum er komið til umsjónarkennara auk annarra sem málið varðar.
- Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við foreldra/forráðamenn hvernig unnið skuli með málið.

Alvarlegt slys aðstandenda nemenda

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á slysinu hjá foreldri /forráðamanni nemandans.
- Upplýsingum er komið til umsjónarkennara auk annarra sem málið varðar.
- Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli með málið.
- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennarann við að undirbúa bekkinn við að taka á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Það auðveldar nemandanum komuna.

Starfsfólk

Alvarleg veikindi starfsmanns skólans

- Skólastjóri / áfallaráð ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli nemendum veikindin.

Alvarlegt slys starfsmanns skólans

- Skólastjóri/áfallaráð ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli nemendum um slysið.

Andlát starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð.
- Ritari sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru.
- Haldin er minningarstund með umsjónarbekk og starfsfólki skólans.
- Gæta þarf þess að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, en ekki yfir hópinn.
- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig eigi að tilkynna nemendum andlátíð.
- Ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri/sóknarprestur ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk andlátíð.
- Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til foreldra/forráðamanna nemenda.
- Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur úr öðrum bekkjum eða eftir því sem við á.
- Skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda hins látna.

- Skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.
- Í hverju tilviki á að meta hvort halda eigi kennslu áfram eða ekki þennan dag.

Útför

- Daginn fyrir útför ræðir áfallaráð, prestur og/eða sálfræðingur við umsjónarbekk um atburði næsta dags, hverju þau eigi von á og hvernig líðan þeirra hefur verið undanfarna daga.
- Aðrir kennarar ræði við sína nemendur með aðstoð áfallaráðs.
- Á degi útfarar er skólanum lokað eftir hádegi.
- Flaggað er í hálfu stöng.

Andlát maka starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð.
- Ritari sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru.
- Gæta þarf þess að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, en ekki yfir hópinn.
- Ef maki umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk andlátíð.
- Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til foreldra/forráðamanna nemenda.
- Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarbekk stuðning og vinna með bekkinn næstu daga.
- Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur úr öðrum bekkjum eða eftir því sem við á.
- Skólastjóri fer heim til starfsmanns.
- Skólinn sendir samúðarkveðju til starfsmanns.

Ýmsar hagnýtar upplýsingar

Kalla til sjúkrabíl (112)

- Starfmaður á útivakt hefur samband við ritara og segir frá atvikinu og stað.
- Ritari kallar til húsvörð, skólastjórnendur og áfallaráð.
- Þeir skipuleggja gæslu utan dyra og kalla til forfallakennara ef þarf.
- Húsvörður, skólaliðar setja kaðla til að afmarka svæðið þar sem slys hefur orðið á skólalóð.
- Hringja skólabjöllu og handbjöllu ef frímínútur eru og fá alla nemendur inn í sínar heimastofur.

Lesefni um sorg og áföll

- Trevor Romain. (2010). *Hvað í veröldinni gerir maður þegar einhver deyr?* Skálholtsútgáfan.
- Jóna Lía Þorsteinsdóttir. (2004). *Mig mun ekkert bresta.* Skálholtsútgáfan.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Halla Sólveig. (1997). *Það má ekki vera satt.* Mál og menning.
- Sigurður Pálsson. (1998). *Börn og sorg.* Skálholtsútgáfan.

Heimasíður

- www.missir.is
- www.sorg.is

Áfallakassi

- Áfallakassi er staðsettur í geymslu inn af ljósritunarherbergi og er í umsjón ritara. Í honum er dúkur, kerti, kertastjaki og eldspýtur.
- Lesefni um sorg og sorgarviðbrögð.